

Skýrsla stjórnar Bekkingarseturs Suðurnesja Starfsárið 2012-2013

1. Stofnun Bekkingarsetursins

Stofnun Bekkingarseturs Suðurnesja átti sér nokkurn aðdraganda. Það var síðla árs 2010 að samráð og samstarf hófst milli Sandgerðisbæjar, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, Fræðasetursins í Sandgerði, Náttúrustofu Reykjanes og Botndýrarannsóknarstöðvarinnar um hvernig tryggja mætti betur stoðir þess vísinda- og fræðastarfs sem fram fer að Garðvegi í Sandgerði sem byggst hafði upp á síðustu 20 árum. Niðurstaða hópsins var að leita til Menntamálaráðuneytisins um heimild til stofnunar þekkingarsetur eins og rekin eru víða um landið.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar skipaði vinnuhóp til þess að vinna að tillögum um breytingar á rekstrinum á Garðvegi sem m.a. tækju mið af því að bæjarfélagið hætti beinum afskiptum af rekstrinum. Vinnuhópurinn skilaði ítarlegum tillögum til bæjarstjórnar, m.a. um að leita skyldi til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum um stofnaðild að þekkingasetrinu, að fela þekkingasetrinu með samningi við Sandgerðisbæ verkefni Fræðasetursins, þ.e. rekstur náttúrufræðisýningar og sýningarinnar „Heimskautin heilla“, fela þekkingasetrinu umsjón hússins, rekstur hússins, tillögur um markmið með starfseminni o.fl.

Margir lögðu hönd á plóg og ráðuneytið veitti samþykki sitt og lýsti sig reiðubúið til að gera samning um rekstrarframlag til þekkingarsetursins til þriggja ára. Ég vil leyfa mér að færa öllum þeim sem komu að þessari vinnu kærar þakkir fyrir þeirra stuðning og framlag.

Með stofnun þekkingarsetursins er stuðlað að aukinni þekkingarsköpun á sviði náttúru- og sjávarlíffræði, möguleikar á nýsköpun í atvinnulífinu vaxa auk þess sem störfum við vísinda- og fræðastarf fjölgar hér á Suðurnesjum.

Formlega var svo þekkingarsetur Suðurnesja stofnað 1. apríl 2012 af Sandgerðisbæ, sveitarfélaginu Garði, Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ og sveitarfélaginu Vogum, Náttúrustofu Suðvesturlands, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Keili. Setrið tók til starfa í núverandi mynd um miðjan september sama ár, með ráðningu Hönnu Maríu Kristjánsdóttur í starf forstöðumanns. Hanna María hefur starfað í menntageiranum síðasta áratuginn, við kennslu og stjórnun hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og svo sem verkefnisstjóri hjá Menntamálaráðuneytinu í þróunarverkefni um eflingu menntunar á Suðurnesjum.

Stjórn Bekkingarseturs Suðurnesja var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu 1. apríl 2012 til og með 31. desember 2012:

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Erla Ósk Pétursdóttir, varaformaður og fulltrúi SSS
Gunnar Þór Hallgrímsson, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Karl Sölvi Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Varamenn:

Þjóðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Sandgerðisbæjar
Þorvaldur Örn Árnason, fulltrúi SSS
Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Rögnvaldur Ólafsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hjálmar Árnason, fulltrúi Keilis

Karl Sölvi Guðmundsson fór í ársleyfi hjá Keili 1. desember 2012. Við starfi hans tók Sverrir Guðmundsson og tók hann einnig að sér stjórnarsetu hjá Bekkingarsetrinu.

Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á starfsárinu og eru fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu Bekkingarsetursins.

2. Markmið Bekkingarseturs Suðurnesja

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði samning við Bekkingarsetrið til þriggja ára og var hann undirritaður miðvikudaginn 21. nóvember 2012. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2014.

Í samningnum er fjallað um meginmarkmið Bekkingarsetursins sem snúa að rannsóknnum, háskólanámi, samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum. Bekkingarsetrið er miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í náttúrufræðum og tengdum greinum á Suðurnesjum og hefur frumkvæði að bæði rannsóknastarfi og rannsóknaverkefnum. Stoðstofnanir Bekkingarsetursins eru Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og sjá þær um rannsóknahluta setursins sem og háskólakennslu. Mikil áhersla er lögð á gott og öflugt samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og háskóla, nám fyrir meistara- og doktorsnema í líffræði og þjónustu við háskólanema á svæðinu, símenntunarnámskeið í

náttúrufræðum og tengdum greinum og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki á svæðinu í ýmsum verkefnum.

3. Yfirlit yfir starfsemi síðasta árs

Starfsmenn Bekkingarsetursins voru fjórir talsins í lok síðasta árs, í þremur og hálfu stöðugildi.

Starfsmenn árið 2012:

- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður – tók til starfa um miðjan september
- Íris Mýrdal Kristinsdóttir, líffræðingur á Rannsóknastöð Bekkingarsetursins – tók til starfa í byrjun desember
- Reynir Sveinsson, umsjónarmaður sýninga og húss – starfaði áður hjá Fræðasetrinu
- Valdís Sigurðardóttir, ræstitæknir – starfaði áður hjá Fræðasetrinu

Á þessu fyrsta starfsári Bekkingarsetursins voru yfir 50 erlendir vísindamenn og namar við tímabundin störf í húsinu. Gistinætur voru um 300 talsins frá 1. apríl 2012 til síðustu áramóta. Tíminn frá því að forstöðumaður tók til starfa um miðjan september og fram til áramóta fór að mestu í skipulagsvinnu og tilfærsluna á rekstri Fræðasetursins frá Sandgerðisbæ. Einnig skipaði markaðs- og kynningarstarf stóran sess auk endurbóta á húsnæði og búnaði.

Merki Bekkingarsetursins var hannað og afhjúpað þegar samningur við Menntamálaráðuneytið var undirritaður 21. nóvember. Yfir 50 manns voru viðstaddir undirritun samningsins, þar á meðal mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir sem afhjúpaði merkið. Merkið vísar til þeirrar uppljómunar sem verður við þekkingaröflun og til hafsins og lífríkis þess.

4. Rannsóknir

Náttúrustofa Suðvesturlands

Megin áhersla var sem fyrr á fuglarannsóknir. Fyrirferðamestar voru rannsóknir á norrænum vaðfuglum á Reykjanesskaga og fjöldi manns kom að veiðum og merkingum í tengslum við verkefnið. Samstarf okkar á rannsóknum á fuglaflensu við US Geological Survey í Bandaríkjunum hélt áfram og alls komu þrjár sérfræðingar á þeirra vegum til Sandgerðis á

árinu. Allnokkur smærri fuglaverkefni voru einnig í gangi s.s. erfðarannsóknir á íslenskum haförnum (í samvinnu við HÍ og Náttúrufræðistofnun) og verkefni tengd stöðu undirtegunda meðal íslenskra fugla (í samstarfi við HÍ).

Náttúrustofan gerði samstarfssamning við Náttúrufræðistofnun Íslands í stóru verkefni sem ber heitið Natura Ísland og er styrkt af ESB. Náttúrustofan kemur þar að rannsóknum á vistgerðaflokkun fjara.

Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum

Helstu verkefni Rannsóknasetursins á síðasta ári snéru að frekari rannsóknum á hinum nýja landnema grjótkrabba þar sem meðal annars útbreiðsla, vinnsla og nýting á krabbanum var rannsökuð. Tvö viðamikil samstarfsverkefni á sviði mengunarrannsókna voru unnin á árinu en þau hófust 2011.

Nýtt innlent samstarfsverkefni hófst á árinu en það nefnist „Greining hrygningar og lifrusetts hjá kræklingi við strendur Íslands.“ Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við rannsóknastofnanir og kræklingaræktendur allt í kringum landið en helstu samstarfsaðilar setursins eru kræklingaræktendur á Suðurnesjum og í Hvalfirði. Smærri verkefni á sviði sjávarlíffræði voru einnig unnin á árinu í samstarfi við innlenda og erlenda aðila.

5. Háskólanám

Forstöðumenn beggja stoðstofnana Þekkingarsetursins, þeir Gunnar Þór Hallgrímsson og Halldór Pálmar Halldórsson, sjá um kennslu í nokkrum námskeiðum við líffræðiskor HÍ.

Forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ sá um hluta verklegrar kennslu í eiturefnavistfræði við líffræðiskor HÍ og fór kennslan fram á setrinu. Hann sá einnig um kennslu í sjávar-, vatna- og fiskivistfræði, og lífheiminum ásamt Óskari Sindra, starfsmanni Rannsóknasetursins. Ásdís Ólafsdóttir, framhaldsnemi við Rannsóknasetrið, sá um kennslu í líffræði við Háskólabrú Keilis. Halldór Pálmar kenndi einnig nemendum í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða og leiðbeindi einum meistaranema við sama skóla.

Gunnar Þór kom að kennslu í námskeiðunum Atferlisfræði, Dýrafræði hryggdýra og Fuglafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ. Hluti fuglafræðinámskeiðsins fór fram í Sandgerði. Þá var Gunnar umsjónarkennari í námskeiðinu „Náttúra Íslands – líffræði“ sem er á vegum EHI. Einn meistaranemi í líffræði við HÍ undir handleiðslu Gunnars hóf verkefni sitt á árinu.

Námsaðstaða fyrir háskólanema búsetta á Suðurnesjum er í boði í Bekkingarsetrinu, frá og með síðasta hausti, og hefur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum lagt lið við að auglýsa hana.

6. Samstarf og símenntun

Samstarf er lykilatriði í starfi Bekkingarsetursins og byggist starfsemin á samvinnu setursins og stoðstofnananna, Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum.

Bekkingarsetrið undirritaði samstarfsyfirlýsingu ásamt nokkrum menntastofnunum á Suðurnesjum og Atvinnuþróunarfélaginu í september 2012. Samstarf við MSS er þegar komið í gang varðandi símenntunarnámskeið á sviði náttúrufræða og tengdra greina og fór skipulagning þeirra námskeiða sem kennd eru nú á vorönn 2013, fram undir lok síðasta árs. Þá verður setrið í samstarfi við Fisktækniskólann um kennslu og starfskynningu fyrir nemendur hans.

Á síðasta ári hélt Rannsóknasetur HÍ áfram samstarfi við fjögur fyrirtæki á svæðinu á sviði krabbavinnslu og rannsókna: Slægingarþjónustu Suðurnesja, Veitingahúsið Vitann og Arctic. Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum og Mátis eru í samstarfi um tvö rannsóknaverkefni sem háskólar og rannsóknastofnanir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi koma einnig að. Þá safnaði setrið áfram svömpum og öðrum botnföstum sjávarhryggleysingjum í samstarfi við Lyfjafræðideild HÍ.

7. Styrkir

Á síðasta ári fékk Bekkingarsetrið þrjá styrki, samtals að upphæð 21.425.000 kr.

Tveir styrkir fengust frá Menningarráði Suðurnesja, annar til reksturs sýninga að upphæð 1.000.000 kr. og hinn til endurnýjunar sýningarmuna á náttúrugripasýningu að upphæð 425.000 kr. Þakkar stjórn Bekkingarsetursins Menningarráði kærlega fyrir veittan stuðning.

Undir lok árs fékk setrið styrk frá Ráðherranefnd um atvinnumál til uppbyggingar rannsóknastöðvar í flokkun og greiningu lífvera. Verkefnið er til tveggja ára og styrkurinn er að upphæð 20 milljónir króna.

Styrkir sem þessir eru mjög mikilvægir framgangi allra stofnananna hér í húsinu og geta skipt sköpum þegar kemur að rannsóknum og þróunarverkefnum.

8. Heimsóknir og uppákomur

Margir góðir gestir komu í heimsókn í Þekkingarsetrið á síðasta starfsári. Ríflega 2.000 manns komu að skoða sýningar setursins frá 1. apríl 2012. Þeirra á meðal voru nemendur fjögurra leikskóla og ellefu grunnskóla. Nemendur í vistfræði við Fjölbautaskóla Suðurnesja komu í heimsókn og fengu kynningu á starfseminni og eiturefnarannsóknum Rannsóknaseturs HÍ. Nokkrir nemendur Fisktækniskólans komu einnig að skoða húsnæði og sýningar. Á árinu var einnig tekið á móti líffræðinemum við HÍ í þeirra árlegu vísindaferð á Garðveginn.

Í maí stóð Rannsóknasetur HÍ fyrir fundi vinnuhóps á vegum ICES en þá komu 20 botndýrasérfræðingar frá sjö þjóðlöndum til landsins og dvöldu í Sandgerði í vikutíma.

Líkt og undanfarin ár tók Rannsóknasetur HÍ þátt í Vísindavöku Rannís í Háskólabíói þar sem meðal annars voru sýnd lifandi dýr í sjávarbúrum.

Í september bárust höfðinglegar gjafir á sýninguna Heimskautin heilla, glæsilegt líkan af rannsóknaskipinu Pourquoi Pas? auk skrautmuna úr persónulegri eigu Jean-Baptiste Charcot. Gjafirnar voru afhentar með viðhöfn þann 18. september og voru um 45 manns viðstaddir uppákomuna. Þekkingarsetrið fékk auk þess málverk af Charcot að gjöf frá Magna Ólafssyni og frummynd af minningarskyldi sem Ríkharður Jónsson, myndhöggvari, gerði af Charcot. Siglingamálastofnun gaf skjöldinn til varðveislu á sýningunni.